



VERKMENNTASKÓLI  
AUSTURLANDS

# **HANDBÓK HEIMILANNA SKÓLAÁRÍÐ 2015—2016**



**VA - SAMVINNA, ÞEKKING,  
ÁRANGUR**



# ÁVARP SKÓLAMEISTARA

## Kæru foreldrar/forráðamenn!

Með þessu upplýsingariti vill Verkmenntaskóli Austurlands koma til móts við þarfir heimilanna og stuðla að jákvæðum samskiptum við forráðamenn. Það er afar mikilvægt að upplýsingar um skipulag og starfshætti skólans berist heim m.a. í þeim tilgangi að styðja nemendur í námi og ákvörðunum tengdum veru þeirra í framhaldsskóla.

Eftirfylgni með skólasókn, námsvali og verkefnaskilum er sameiginlegt verkefni nemenda, skóla og heimilis. Mikilvægt er að sýna námi nemendans áhuga, hvetja hann en jafnframt að veita honum aðhald. Forráðamenn eiga rétt á að fá lykilorð með aðgangi í tölvukerfi skólans frá ungmenni sínu eða sækja um það í VA og fá þannig aðgang að Innu, upplýsingavef framhaldsskóla og moodle kennsluvefnum til að geta fylgst með ástundun, námi og árangri nemandans a.m.k. til 18 ára aldurs.

Markmið skólastarfs VA er m.a. að nemandinn nái hámarks árangri og ljúki því námi sem hann stefnir á. Gagnkvæmar upplýsingar milli skóla og heimilis stuðla að því að þau markmið náist.

Þessi handbók inniheldur upplýsingar um ýmsa þætti sem snúa að innra starfi skólans og er mikilvæg fyrir nýnema og forráðamenn þeirra. Upplýsingar um eitt og annað er svo einnig að finna í skólanámskrá skólans sem er á heimsíðunni [www.va.is](http://www.va.is)

Það er ósk mín að við eigum ánægjulegt samstarf í vetur og að Verkmenntaskóli Austurlands þroski samskiptahæfni og sjálfstraust ungmennis þíns/ykkar og vísi honum veginn til náms- og starfsframa.

Elvar Jónsson  
Skólameistari VA

# ÝMSAR UPPLÝSINGAR

## Skólastjórnendur

Elvar Jónsson skólameistari, ber m.a. ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár, fjárreiðum hans og öðrum rekstri [elvar@va.is](mailto:elvar@va.is)

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, áfangastjóri, hefur m.a. yfirumsjón með stundarskrárgerð, áfangakerfi skólans, framkvæmd prófa og námsmati og er jafnframt staðgengill skólameistara í fjarveru hans [bobba@va.is](mailto:bobba@va.is)


Sigurborg Hákonardóttir, fjármálastjóri. Sér m.a. um gerð fjárhagsáætlana, bókhald, innheimtu og greiðslu reikninga [sigurborg@va.is](mailto:sigurborg@va.is)


Sigrún Halldórsdóttir, skólafulltrúi/ritari. Sér um forfallaskráningu nemenda, almanna afgreiðslu, símsvörun og annast bókasafn skólans [sigrun@va.is](mailto:sigrun@va.is)

Viðar Guðmundsson, kerfisstjóri annast allan tölvubúnað og heimasíðu VA, lykilorð nemenda, ásamt því að kenna við rafiðndeild skólans [vidar@va.is](mailto:vidar@va.is)

Gunnar Ólafsson, sjálfsmatsstjóri VA, hefur umsjón með sjálfsmatsúttektum, sér um framkvæmd þeirra og vinnur náið með sjálfsmatssteymi og skólameistara auk þess að kenna m.a. stærðfræði við skólann [gunnar@va.is](mailto:gunnar@va.is)

Athugið að öll starfsheiti og netföng starfsfólks má finna á heimasíðu skólans, [www.va.is](http://www.va.is)





## Tilkynningar

Tilkynningum varðandi skólastarfið er komið á framfæri á sjónvarpsskjám skólans sem er staðsettir eru í bóknámshúsi (á 1.stigapalli á móti anddyri), í setustofu nemenda og í anddyri verknámshúss. Einnig er hægt að sjá tilkynningarnar á [www.va.is](http://www.va.is) og í Innu. Nemendur eru hvattir til að vera duglegir að fylgjast með nýjum tilkynningum. **Sumar tilkynningar eru sendar nemendum í tölvupósti. Því er mikilvægt að nemendur skoði póstinn sinn reglulega og hafi rétt netfang skráð í Innu.**

**Mikilvægar dagsetningar** eru nokkrar á önninni. Dagatalið er á heimasíðunni. Fjögur fjarvistatímabil eru á vorönn og lýkur því fyrsta **29.jan.** Hinum lýkur **26.feb., 8.apr. og 6.maí.** Forráðamenn nemenda undir 18 ára fá sent yfirlit ef mætingu nemanda þeirra er ábótavant að loknu hverju tímabili.

Umsóknarfrestur um **jöfnunarstyrk (dreifbýlisstyrk)** rennur út þann **15. feb.** Nemendur sækja sjálfir um hjá **lin.is**

**Miðannarmat.** Allir kennarar leggja mat á námsframvindu nemenda og birta þeim námslega stöðu sína með einkunnum eða umsögnum. Miðannarmatið gildir allt að 20% af heildareinkun nemenda. Allir nemendur geta skoðað miðannarmat sitt á Innu **14. mars 2016.**

**Íþróttir** eru skylda fyrir alla nemenda undir 18 ára og eru þeir með íþróttatíma í töflu sem þeir eiga að sækja.

**Skrifstofa skólans er opin frá kl. 08:00 – 15:00 alla daga en tekið er við símtölum til kl.16:00**

Forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára ber að tilkynna veikindi viðkomandi í gegnum INNU eða í síma 477 1620 milli **kl. 08:00-11:00 f.hádegi**. Ef nemandi er veikur lengur en í þrjá daga samfellt þarf að skila læknisvottorði (sjá nánar í skólasóknarreglur á heimasíðu skólans). Nemendur og forráðamenn geta leitað aðstoðar og fengið allar upplýsingar á skrifstofunni og einnig má senda tölvupóst á Sigrúnu Halldórsdóttur skólaritara [sigrun@va.is](mailto:sigrun@va.is)

**Bókasafnið er opið frá 08:00 – 16:30 mán. – fim. og á fös. til kl. 16:00.** Alltaf er hægt að fá leiðbeiningar og hjálp á bókasafninu hjá bókaverði, Sigrúnu Halldórsdóttur.

Bókasafnið er vinnustaður allra nemenda.

**Á bókasafninu á að ganga hljóðlega og snyrtilega um, bannað er að matast þar og/eða tala í GSM síma.**


Nánari umgengnisreglur er að finna á heimasíðunni.

**Tölvustofa skólans er á annari hæð. þar er stranglega bannað að neyta matar og drykkjar.**

Allir nemendur fá aðgang að tölvukerfi skólans og eru hvattir til að nýta sér það við námið. **Tölvustofan er opin til kl. 16:30 mán-fim. þegar ekki er verið að kenna í henni, en til kl. 16:00 á föstudögum.**

Í tölvustofu gilda sérstakar umgengnisreglur.

**Setustofa** nemenda er í austurenda bóknámshúss VA. Nemendur eiga að **ganga vel um** í setustofunni. Setustofan er samverustaður allra nemenda.





# HÚSNÆÐI VERKMENNTASKÓLANS

Starfsemi VA fer fram í bóknáms- og verknámshúsi.

## Húsaskipan í bóknámshúsi:

### 1. hæð

Stofa 1 – fyrirlestrarsalur  
 Stofa 2 – teiknistofa  
 Stofa 3 - hársnyrtistofa  
 skrifstofa húsvarðar og  
 kerfisstjóra

### 2. hæð

Stofa 15 – tölvustofa  
 Bókasafn  
 Ritari - móttaka  
 Skólameistari  
 Áfangastjóri  
 Fjármálastjóri  
 Vinnustofa kennara  
 Kaffistofa starfsfólks  
 Stofa 4 - kennslustofa  
 Stofa 5 – kennslustofa  
 Setustofa nemenda - sjoppa

### 3. hæð

Skrifstofa námsráðgjafa  
 Stofa 8 - kennslustofa  
 Stofa 9 - kennslustofa/raungreinastofa  
 Stofa 10 - aðsetur starfsbrautar - námsver  
 Stofa 11 – fjarfundaver/kennslustofa  
 Stofa 12 - kennslustofa

## Kennslustofur í verknámshúsi:

St. 17 – 2. hæð, tréið, bókleg kennsla  
 St. 18 – 2. hæð, tréið, verkstæði  
 St. 19 – 1. hæð, málmið, bókleg kennsla  
 St. 20 – 1. hæð, málmið, verkstæði  
 St. 21 – 2. hæð, Fab Lab  
 St. 22 – 2. hæð, rafið, verkleg/bókleg kennsla  
 St. 23 – 2. hæð, rafið, verkleg/bókleg kennsla  
 St. 24 – 2. hæð, rafið, verkleg kennsla

# FORVARNARSTARF OG FÉLAGSLÍF

## Félagslíf VA


Nemendaráð VA (NIVA) skipuleggur félagslíf með stuðningi félagslífsfulltrúa. Helstu viðburðir vetrarins eru: móttaka nýnema, menningarferð, dansleikir, þátttaka í gettu betur, árshátíð og fl.


Félagslífs- og forvarnarfulltrúi er Salóme Rut Harðardóttir.

## Foreldrafélag VA

Foreldrafélag VA (FOVA) var stofnað haustið 2004. Allir forráðamenn nemenda yngri en 18 ára eru sjálfkrafa meðlimir. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólasterfið, huga að hagsmunamálum nemenda í samstarfi við skólann og efla samstarf foreldra, forráðamanna og ólögráða nemenda við skólann.

**Samkvæmt lögum eru reykingar stranglega bannaðar í skólanum og á lóð hans og sama gildir um munntóbak.**





## NÁMSRÁÐGJÖF - NEMENDAPJÓNUSTA

### Námsráðgjafi

Hildur Ýr Gísladóttir er námsráðgjafi VA. Tímappantanir eru hjá ritara skólans. Öllum nemendum stendur til boða þjónusta námsráðgjafa. Starf námsráðgjafa felst m.a. í því að veita nemendum upplýsingar um skipulag náms við skólann og aðrar námsleiðir. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og bundinn þagnarskyldu um persónulega hagi nemenda. Fastir viðtalstímar eru auglýstir á auglýsingatöflum, netfangið er [hilduryr@va.is](mailto:hilduryr@va.is)

### Nemendaumsjón

Allir nemendur skólans hafa sinn umsjónarkennara. Eftirtaldir kennarar eru umsjónarkennarar veturinn 2015 - 2016:

- ◆ Pjetur St. Arason - árgangur 1999
- ◆ Þorvarður Sigurbjörnsson - árgangur 1998
- ◆ Ágúst Ingi Ágústsson - árgangur 1997
- ◆ Ingibjörg Þórðardóttir - árgangur 1996
- ◆ Þorbjörg Ólög Jónsdóttir - nemendur fæddir 1995 og eldri
- ◆ Margrét Perla Kolka - Starfsbraut
- ◆ Eydís Ásbjörnsdóttir - Framhaldsskólabraut

Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að fylgjast með ástundun og námi nemenda, vísa nemendum til námsráðgjafa eða annarra stoðaðila, koma upplýsingum á framfæri og hafa samband við forráðamenn. Forráðamönnum nemenda undir 18 ára er bent á að hafa samband við umsjónarkennara á auglýstum viðtalstímum þeirra varðandi námsgengi og skólasókn. Eldri nemendur eru hvattir til að snúa sér beint til viðkomandi fagkennara á auglýstum viðtalstímum þurfi þeir að fá upplýsingar um áfanga. Viðtalstíma kennara er að finna á heimasíðu skólans.



## Stoðþjónusta

Forráðamönnum nemenda sem þurfa sérstakan stuðning vegna námsörðugleika er bent á að hafa samband við námsráðgjafa eða umsjónarkennara sem fyrst.

Sálfræðiþjónusta og námsaðstoð er veitt eftir þörfum og skipulögð í samvinnu við nemendur, námsráðgjafa, umsjónarkennara og forráðamenn.

Þá eru viðhafðar ákveðnar reglur varðandi próftöku þeirra sem haldnir eru prófkvíða og lesblindu. Námsráðgjafi og umsjónaraðili framhaldsskólabrautar annast námskeið um prófkvíða og námsskipulag sem auglýst er í skólanum og á heimasíðunni.

## Stuðningur við nemendur með sértæka námsörðuleika


Það er mikilvægt að nemandi með sértæka námsörðugleika gefi sig fram við námsráðgjafa sem fyrst. Þá er einnig mikilvægt fyrir foreldra að þeir fylgist vel með námsframvindu ungmenna sinna í skólanum og með mætingu þeirra á Innu (upplýsingavef framhaldsskóla).

Því betur sem kennarar VA eru upplýstir um námsgetu nemenda því meiri líkur eru á að hægt sé að styðja við þau og beita réttum kennsluaðferðum. Lykilatriði varðandi góða framvindu við nám er að nemendur mæti í skólann, fylgist með, skili verkefnum á réttum tíma og sinni náminu. Aðhald aðstandenda skiptir máli. Sumir nemendur eru seinni að tileinka sér sjálfsstæð vinnubrögð en önnur, þótt sjálfræðisaldri sé nán.

## Mötuneyti VA

Nemendur á heimavist eru í mat í mötuneytinu. Öðrum nemendum stendur til boða að gerast áskrifendur í mat frá tveimur upp í fimm daga í viku. Verð fyrir hádegismat er 750 krónur. Skráning í mat fer fram hjá ritara.





### **Skólaakstur í VA**

Tanni travel og Austfjarðarleið annast skólaakstur fyrir hönd Fjarðabyggðar frá Reyðarfirði. Nemendur kaupa rútukort og geta þá nýtt allar ferðir á vegum Fjarðabyggðar á milli staða á Austurlandi. Sjá tímatöflu samgönguáætlunar á vef Fjarðabyggðar [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is).

Allir nemendur sem búa utan póstnúmers skólans, 740, eiga rétt á jöfnunarstyrk sem LÍN úthlutar. Hluti af þeim styrk er akstursstyrkur sem rennur til Fjarðabyggðar þegar honum er úthlutað með milligöngu VA. Það er því mikilvægt að nemendur sem sækja um jöfnunarstyrk merki rétt við á umsóknina svo að hluti styrksins skili sér beint til skólans/Fjarðabyggðar.

Umsóknarfrestur um jöfnunarstyrk rennur út 15. febrúar fyrir vorönn og 15. október fyrir haustönn.

### **Skólasókn**

Mjög mikilvægt er að nemendur og forráðamenn þekki vel til skólasóknareglna skólans. Einnig að nemendur og forráðamenn kynni sér vel allar reglur sem gilda í skólanum en þær er að finna á heimasíðu skólans auk þess sem skólareglur hanga uppi í kennslustofum.

**Skólasóknarreglur** eru aðgengilegar á heimasíðu VA og hjá ritara, auk þess sem umsjónarkennarar munu kynna þær vel fyrir nemendum og foreldrum nýnema við upphaf skólaárs.

## Námsmatsdagar

Námsmatsdagar (gulir dagar) eru aðeins námsmatsdagar í þeim skilningi að þá er áhersla á námsmat í skólastarfinu en auðvitað fer einnig fram námsmat á öðrum tímum. Einnig eru gulir dagar hugsaðir sem dagar þar sem skólastarfið er brotið upp t.d. er gert ráð fyrir því að hluti námsmatsdaga í mars verði opnir dagar.

## Nauðsynlegt að vita:

- ◆ Páskafrí verður frá og með 21. mars til og með 29. mars 2016
- ◆ Miðannarmat birt 14. mars
- ◆ Tilboð á líkamsræktarkorti fyrir nemendur VA á vorönn kr. 18 þús ( 4 mánuðir)
- ◆

